

Kæru félagar,

Þessi dagur, 1. maí, baráttudagur verkalýðsins hefur verið haldinn hátíðlegur víða um heim frá árinu 1890.

Í hinu heimalandi mínu, Póllandi, þar sem ég fæddist og ólst upp, var þessi dagur lengi mikilvægur en síðar var hann notaður í öðrum og verri tilgangi.

Ég á eina minningu frá þessum degi. Ég var 7 ára, það var heitur, sólríkur dagur, ég var klædd í hvíta skyrту og svart pils og hélt á nelliку í hendi, eins og öll hin börnin.

Mamma kom með mig í skólann, þar tók kennarinn á móti mér eins og hinum börnunum og okkur var svo stillt upp eftir aldri og bekkjum. Frá skólanum gengum við saman í hóp á aðaltorgið. Þar var okkur aftur stillt upp ásamt börnum frá öllum öðrum skólum í borginni. Með sama hætti var lúðrasveitum stillt upp og ekki bara þeim því þarna voru líka í þráðbeinum röðum fulltrúar ákveðinna vinnustaða, sambanda og auðvitað félagar í Kommúnistaflokknum. Þá byrjaði gangan, fleiri þúsundir manna gengu í takt við tónlistina, allir með fána og nelliку í hönd. Þið getið rétt ímyndað ykkur þessa mögnuðu sviðsetningu og þá upplifun sem fylgdi henni.

Ég man að mér fannst þetta allt saman frekar yfirþyrmandi og mig langaði miklu meira að ganga með mömmu en svona voru reglurnar, við áttum að vera dugleg frá barnæsku – og auðvitað fylgja fyrirmælum.

Ég gat loksins farið til mömmu þegar við komum aftur á aðaltorgið og menn byrjuðu að flytja ræður.

Þetta er eina minningin sem ég á um þennan dag því ég var ábyggilega í síðasta árganginum sem stjórnvöld skyldu til að taka þátt í 1. maí göngu.

Þetta var árið 1989, mánuði seinna hrundi kommúnisminn í Póllandi þegar gengið var til fyrstu hálf lýðræðislegu þingkosninganna eftir hringborðsviðræður fulltrúa Solidarnosc og ríkisins.

Þrátt fyrir að löng hefð væri fyrir því að halda 1. maí hátíðlegan í Póllandi fékk þessi dagur einstaklega hátíðlega umgjörð eftir seinni heimsstyrjöldina þegar kommúnistar tóku völdin og Pólland var lýst sósíalískt alþýðulýðveldi. Nokkuð algengt var að þátttöku í athöfninni fylgdu hlunnindi eins og auka matarmiðar eða forgangur í að kaupa þvottavél eða bensín. Annars staðar var einungis í boði refsing

ef viðkomandi mætti ekki í gönguna; fólk fékk þá ekki matarmiða eða því var refsað með atvinnumissi.

Í 40 ár fengu Pólverjar og aðrar þjóðir á áhrifasvæði Sovétríkjanna austan við Berlinarmúrinn að tengja þennan dag við skylduskrúðgöngur og margra klukkutíma pólitískar ræður, áróður í þágu fólksins í landinu og hins fullkomna sósíalisma þar sem fólk var jafnt og jafnara; þar sem fólk var svipt öllum helstu mannréttindum sínum.

Þessi dagur fékk því í áranna rás afar neikvæða merkingu í huga fólksins í Póllandi.

Í dag er 1. maí frídagur verkafólks í Póllandi en sagan veldur því að ennþá, 35 árum eftir að lýðræði var endurreist, er þátttaka í hátíðarhöldum mjög lítil. Dagurinn er í raun upphaf þriggja daga hátíðar þar sem 2. maí er dagur pólska fánans og 3. maí er dagur stjórnarskrárinnar en fyrsta pólska stjórnarskráin var samþykkt árið 1791 og er hin elsta í Evrópu og sú næst elsta í heiminum á eftir þeirri bandarísku.

Þessa þrjá daga nota Pólverjar til að fagna frelsinu og njóta daganna úti í náttúrunni og hinir efnuðu nota tækifærið og skreppa til útlanda.

Og það er einmitt frelsið sem nú fær Pólverja til að flytja til annarra landa í þeirri gömlu trú að þar sé allt ennþá miklu betra, meira frelsi, meiri réttindi, betri kjör.

En er það svo?

Og hér stöndum við í dag á 1. maí sem blessunarlega á sér aðra og betri sögu á Íslandi en í mínu öðru heimalandi. Hér hefur baráttudagurinn haldið mikilvægri merkingu sinni og til þessarar hátíðar eru allir velkomnir.

Mínir samlandar voru meðal fyrsta farandverkafólks og innflytjenda í landinu. Í dag eru innflytjendur frá Austur-Evrópu stærsti hópur þeirra sem flytja til Íslands og setjast hér að. Nú eru innflytjendur 18% íbúa landsins og 24% af vinnumarkaðnum og þeir koma frá um 100 löndum.

Í vinnumarkaðsskýrslu ASÍ frá því í fyrra og öllum rannsóknum Vörðu-rannsóknarstofnunnar vinnumarkaðarins blasir við okkur skuggaleg mynd af stöðu launafólks af erlendum uppruna.

Þau vinna lengri vinnudaga, láglounastörf, verða oftast fyrir brotum á vinnumarkaði, þar með talið þeim alvarlegustu eins og vinnumansali.

Þau búa þrengra, eru föst á ófyrirsjáanlegum leigumarkaði og eru líklegri en innfæddir Íslendingar til að vera búsett í atvinnuhúsnæði sem oft er á vegum atvinnurekenda.

Innflytjendur vinna og búa oftast með öðrum innflytjendum. Þeir komast því mjög sjaldan í innihaldsríka snertingu við íslenska tungu og menningu.

Slæmt aðgengi að íslenskunámi og fá tækifæri til samskipta við heimamenn einangrar þau sem hingað hafa komið í leit að betra lífi. Slík staða sundrar samfélaginu og útilokar einn hóp frá öðrum. Útilokun auðveldar ekki nýjum íbúum landsins að átta sig á réttindum sínum og skyldum.

Hvort sem þeir koma til styttri eða lengri tíma eru innflytjendur okkar fólk.

Þeir eru orðnir $\frac{1}{4}$ af keðju vinnumarkaðarins og verkalýðshreyfingarinnar. Allar rannsóknir gefa til kynna að innflytjendur séu viðkvæmasti hlekkur keðjunnar og því verður að hlúa sérstaklega að honum. Þar sem engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

Samfélag okkar þarf á innflytjendum að halda og innflytjendur þurfa á okkur að halda, á okkar samstöðu og samfélagsmáta sem er til fyrirmyndar á heimsvísu.

Þess vegna er mér það mikill heiður að standa hér í dag fyrir framan ykkur sem fulltrúi innflytjenda í landinu. Ég veit að þið skynjið aflið í samstöðunni og styrk samfélagsins þegar það talar einni röddu.

Íslenskt launafólk á þennan dag. Íslenska verkalýðshreyfingin er og hefur verið meginafli framfara í landinu um leið og hún hefur verið boðberi mannréttinda, jöfnuðar og velferðar.

Og það er einmitt þess vegna sem yfirskrift dagsins - Sterk hreyfing- sterkt samfélag – á svo vel við á þeim krefjandi tímum sem við nú lifum. Ég vona að þau gildi sem verkalýðshreyfingin hvílir á, hugsjónir hennar, samstaða og baráttugleði, verði áfram hornsteinn þess réttláta samfélags sem barist er fyrir.

Ég veit ekki hversu margir innflytjendur eru hér með okkur í dag en ég vona að þeim finnist þau eiga hlutdeild í deginum. Það er ekki sjálfsagt því inngilding krefst samskipta og inngilding er viðvarandi verkefni,-

Kæru félagar – til hamingju með daginn.

Takk fyrir.